



Reykhólahreppur

Greinargerð sveitarstjóra

vegna fjárhagsáætlunar Reykhólahrepps fyrir árin 2014 -2017
sem samþykkt var á fundi sveitarstjórnar 12. desember 2013

Forsendur

Fjárhagsáætlunin byggir á áætlun um útsvar fyrir árið 2014 frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, áætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga um framlög fyrir árið 2014 og áætlun um fasteignagjöld fyrir árið 2014. Þá er tekið mið af þjóðhagsspá Hagstofu Íslands og upplýsingum frá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga á haustdögum. Áætlunin gerir ráð fyrir 4% hagvexti næstu árin og 4% verðbólgu, hækkun launa um 5% á næsta ári en 4% árin þar á eftir. Kjarasamningar flestra launþega eru að renna út um þessar mundir og veldur það mikilli óvissu um launaþróun og verðlagsþróun á næstu misserum. Gert er ráð fyrir hámarksútsvari eða 14,48% (14,52% ef álagningarhlutfall hækkar með breyttum lögum).

I. ÁÆTLUN ÁRSINS 2014

Meginniðurstöður

Helstu niðurstöðutölur fjárhagsáætlunar Reykhólahrepps fyrir árið 2014 eru þær, að aðalsjóður er með neikvæða niðurstöðu um tæpar 5 millj. kr. en A-hlutinn með afgang upp á rúmlega 20 millj. kr. Samstæðan, eða A- og B-hluti saman, skilar afgangi upp á ríflega 24 millj. kr. Veltufé frá rekstri er áætlað um 36 millj. kr. og veltufjárhlutfall 1,64%. Eiginfjárhlutfall er áætlað 0,65% og framlegðarhlutfall 9,5%. Sveitarstjórnarlög kveða á um að heildarskuldir og skuldbindingar A- og B-hluta í reikningsskilum megi ekki vera hærri en 150% af reglulegum tekjum. Skuldahlutfall Reykhólahrepps í árslok 2014 er áætlað um 48%.

A-hluti

Skatttekjur

Gert er ráð fyrir að skatttekjur hækki milli áranna 2013 og 2014. Gert er ráð fyrir að útsvarstekjur hækki um 4% milli ára, fasteignaskattur um 1% og framlag Jöfnunarsjóðs um 19% milli áranna 2013 og 2014. Gert er ráð fyrir að tekjur af lóðaleigu verði svipaðar milli ára. Skatttekjur hækka samkvæmt þessu að jafnaði um 11% milli áranna 2013 og 2014, sem er talsverð hækkun, en gert er ráð fyrir 4% hækkun eftir það. Heildarskatttekjur ársins 2014 nema skv. framangreindum forsendum um 198 millj. kr., þar af eru útsvarstekjur um 77 millj. kr., fasteignaskattur um 11 millj. kr. og framlög úr Jöfnunarsjóði um 106 millj. kr.

Félagsmál

Reykhólahreppur rekur ásamt Árneshreppi, Kaldrananeshreppi og Strandabyggð Félagsþjónustu Stranda og Reykhólahrepps, sem fer með almenna félagsþjónustu og málefni fatlaðra. Gert er ráð fyrir að sveitarfélagið greiði sem nemur rúmlega 7,5 millj. kr. til málaflokksins á árinu 2014 og er þar um að ræða almenna hlutann. Hlutur málefna fatlaðra er fjármagnaður af ríkinu og með hluta útsvarstekna.

Fræðslu- og uppeldismál

Málaflokkur fræðslu og uppeldis er stærsti útgjaldaliðurinn á fjárhagsáætlun eða um 70% af skatttekjum sveitarfélagsins, 136 millj. kr. árið 2014 og þar af laun 97 millj. kr. Þessi liður hækkar um 5% frá árinu áður og munar þar mest um áætlaðar launahækkningar. Gert er ráð fyrir að liðurinn hækki að jafnaði um 4% eftir það. Fyrir árið 2014 er gert ráð fyrir auknu starfshlutfalli í Reykhólaskóla sem nemur einu og hálfu stöðugildi. Iðjubjálfi mun koma til starfa í skólanum og aukið verður í við leikskóladeildina vegna fjölgunar barna.

Menningarmál

Um 30% hækkun verður á málaflokknum milli áranna 2013 og 2014. Er þar um hækkað framlag til sumarhátíðar að ræða, en gert er ráð fyrir rúmum 7 millj. kr. í málaflokkinn. Undir menningarmálum eru rekstur bókasafns, framlag til Bátasýningar, rekstur Mjólkurbúshússins (sem er dýrastur eða 3,3 millj. kr.), framlag til Menningarráðs Vestfjarða og annarra, sumarhátíðin, jólin og áramótin.

Æskulýðs- og íþróttamál

Málaflokkurinn hækkar lítillega milli ára og eru áætlaðar 15 millj. kr. í hann. Undir málaflokkinn falla rekstur Grettislaugar, vinnuskóli Reykhólahrepps, tómstundastarf og rekstur íþróttahússins við Reykhólaskóla.

Brunamál og almannavarnir

Málaflokkurinn hækkar um 5% milli áranna 2013 og 2014, en gert er ráð fyrir talsvert aukinni fræðslu fyrir slökkviliðsmenn á árinu 2014. Heildarútgjöld til málaflokksins nema um 6 millj. kr. árið 2014.

Hreinlætismál

Undir málaflokknum eru heilbrigðiseftirlit og sörpmál. Málaflokkurinn fer úr rúmum 200 þús. kr. í 1.100 þús. kr. milli áranna 2013 og 2014. Um er að ræða aukinn kostnað vegna sorphreinsunar.

Skipulags- og byggingamál

Málaflokkurinn hækkar lítillega milli ára og eru áætlaðar 4 millj. kr. í hann. Stærsti liðurinn er rekstur skipulags- og byggingafulltrúa í samvinnu við Dalabyggð og Árneshrepp eða 3,5 millj. kr.

Umferðar- og samgöngumál

Ekki er gert ráð fyrir hækkun á þessum lið í áætlun og verður hann 3 millj. kr. árið 2014. Undir hann falla viðhald gatna og snjómokstur. Styrkvegir eru undir þessum lið en fjármagnið kemur af styrkvegafé Vegagerðarinnar. Það fer eftir framlögum Vegagerðarinnar hverju sinni hversu miklu fé er veitt í styrkvegi ár hvert.

Umhverfismál

Umhverfismál hækka um 4% milli ára og verður um 3 millj. kr. veitt í málaflokkinn árið 2014. Stærsti liðurinn er minka- og refaveiði en gert er ráð fyrir 2,4 millj. kr. í hann árið 2014.

Atvinnumál

Þessi liður lækkar úr 2,9 millj. kr. í 2,6 millj. kr. milli áranna 2013 og 2014. Undir hann falla framlag til Fjórðungssambands Vestfirðinga, fjallskiladeild, tjaldsvæði við Grettislaug, rekstur upplýsingamiðstöðvar og ferðamál.

Sameiginlegur kostnaður

Sameiginlegur kostnaður hækkar um 2% milli ára og er 25 millj. kr. veitt til þeirra mála. Undir liðinn fellur sveitarstjórn og rekstur skrifstofu sveitarfélagsins, einnig sveitarstjórnarkosningar, fjarbúnaður og launanefnd sveitarfélaga. Áætlaðar eru 3,5 millj. kr. í sveitarstjórn, 3,9 millj. kr. í innra eftirlit og endurskoðun og 18 millj. kr. í skrifstofu sveitarfélagsins. Þar eru skráð 5 störf og rekstur heimasíðu sveitarfélagsins þar með talinn.

Eignasjóður

Eignasjóður fer með allar fasteignir sveitarfélagsins og innheimtir innri leigu af aðalsjóði fyrir notkun þeirra. Gert er ráð fyrir að tekjur sjóðsins nemi um 54 millj. kr. á árinu 2014. Sjóðurinn er rekinn með afgangi sem nemur um 25 millj. kr. og eru áætlaðar fjárfestingar um 9 millj. kr. árið 2014.

B-hluti

Hafnarsjóður

Tekjur Reykhólafnar eru áætlaðar um 7 millj. kr. og rekstrarafgangur um 1,7 millj. kr. á árinu 2014. Á árinu er gert ráð fyrir að fjárfesta fyrir 1 millj. kr. í lýsingu á hafnargarði.

Reykhólaveitur

Reykhólaveitur annast rekstur vatnsveitu og fráveitu í sveitarfélaginu. Heildartekjur eru áætlaðar um 5 millj. kr. og rekstrarafgangur um 200 þús. kr. á árinu 2014.

Hjúkrunar- og dvalarheimilið Barmahlíð

Tekjur Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar eru að stærstum hluta daggjöld úr ríkissjóði. Gert er ráð fyrir að tekjur árið 2014 verði 117 millj. kr. og launakostnaður um 73 millj. kr. eða 62% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir um 7 millj. kr. rekstrarafgangi árið 2014, sem varið verður í framkvæmdir á borð við nýtt bjöllukerfi og lagfæringu á baðaðstöðu.

Húsnæðisnefnd

Sveitarfélagið rekur átta félagslegar íbúðir, tvær að Hellisbraut 38 og sex í húsnæði Hjúkrunar- og dvalarheimilisins Barmahlíðar. Tekjur félagslegra íbúða eru 3 millj. kr. á árinu 2014 og áætluð neikvæð rekstrarafkoma um 4,5 millj. kr. sem skýrist að mestu af fjármagnsgjöldum upp á 6,5 millj. kr.

II. ÁKVÆÐI SVEITARSTJÓRNARLAGA UM FJÁRHAGSÁÆTLANIR

Samkvæmt 62. gr. sveitarstjórnarlaga skal sveitarstjórn á hverju ári afgreiða fjárhagsáætlun fyrir komandi ár og næstu þrjú ár þar á eftir. Saman mynda þessar áætlanir fjögurra ára áætlun fyrir sveitarfélagið, sem felur í sér heildaráætlun um fjármál sveitarfélagsins á tímabilinu, bæði A- og B-hluta. Í samræmi við ákvæði laganna samþykkti sveitarstjórn áætlanir fyrir árin 2015, 2016 og 2017 samhliða áætlun fyrir árið 2014. Áætluð rekstrarafkoma þessara þriggja ára er eftirfarandi:

- **Rekstrarafgangur ársins 2015:** 22 millj. kr. **Fjárfesting:** 8,5 millj. kr.
- **Rekstrarafgangur ársins 2016:** 25 millj. kr. **Fjárfesting:** 0,3 millj. kr.
- **Rekstrarafgangur ársins 2017:** 27 millj. kr. **Fjárfesting:** 0,3 millj. kr.

- Ingibjörg B. Erlingsdóttir, sveitarstjóri Reykhólahrepps.